

Malbikunarstöð Akureyrarbæjar  
Hrafn Svavarsson  
Umhverfismiðstöð v/malbikunarstöðvar.  
Rangárvöllum 2  
603 Akureyri

Reykjavík, 26. júní 2020  
UST202003-278/gf  
08.08.02

**Varðar vettvangsferð í Malbikunarstöð Akureyrar v/ Súluveg (Miðhúsaveg)**


Þann 2.6.2020 fór fram eftirlit í Malbikunarstöð Akureyrar v/ Súluveg (Miðhúsaveg). Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Fjórar ábendingar eru gerðar (sjá meðfylgjandi skýrslu). Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst í eftirliti en skil á grænu bókhaldi skal vera 1. maí ár hvert. Grænt bókhald rekstraraðila hefur ekki borist stofnuninni.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 13.7.2020.**

Virðingarfyllst

  
Gottskálk Friðgeirsson

  
Sigríður Magnúsdóttir  
sérfræðingur

**Afrít:** Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Malbikunarstöð Akureyrar Akureyri



|                     |                          |                         |                        |
|---------------------|--------------------------|-------------------------|------------------------|
| Dags eftirlits      | 2.6.2020                 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Gottskálk Friðgeirsson |
| Fyrirtæki           | Malbikunarstöð Akureyrar | Eftirlitsmaður          | Gottskálk Friðgeirsson |
| Heimili             | v/ Súluveg (Miðhúsavegi) | Tegund eftirlits        | Reglubundið            |
| Kennitala           | 4101696229               | Flokkur                 | Malbik                 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Hrafn Svavarsson         | ÍSAT nr.                | 26.82.9                |
| Fulltrúi fyrirtækis | Jón S. Hansen            | Staðsetning             | 539861,247 575194,992  |

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt nýtt frávik kom í eftirlitnu er varðar skil á grænu bókhaldi fyrir árið 2019 og eitt eldra frávik er enn opið. Sjá losunarmörk fyrir kolmónoxíði. Fjórar ábendingar voru gerðar.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit í Malbikunarstöð Akureyrar og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna á fráviki síðasta árs og ábendingum eftirlitsmanns.
2. Kröfur í starfsleyfi og staða rekstraraðila gagnvart þeim
3. Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
4. Skráning olíugeyma og kröfur í rg. nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.
5. Skoðunarferð

Eftirlitið hófst á fundi í húsakynnum rekstraraðila við Súluveg. Að loknum fundi var farið í skoðunarferð um lóð malbikunarstöðvarinnar. Á fundinum voru Hrafn Svavarsson og Jón S. Hansen frá Umhverfismiðstöð Akureyrbærjar, Alfreð Schiöth frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

1. Farið var yfir frávik og ábendingar Umhverfisstofnunar á síðustu árum. Gerð er krafa um mælingar í útstreymi verksmiðjunnar bæði til lofts og í frárennsli.

Í eftirliti síðasta árs höfðu mælingar í frárennsli ekki borist, en 12. nóvember sl. var sýni tekið og sent til greiningar hjá Sýni ehf. Niðurstaða barst í nóvember og fita/olía í frárennsli mældist 4 mg/L. Frávikinu hefur verið lokað.

Í mælingu útblástur frá 2018 var ryk yfir losunarmörkum (199 mg/Nm<sup>3</sup>) og eins mældist kolmónoxíð hátt (1190 mg/Nm<sup>3</sup>). Í mælingu ársins 2019 kom ryk mikil betur út en CO var enn yfir mörkum. Í viðræðum við rekstraraðila komu fram tvær líklegar skýringar á þessu, annars vegar að notuð steikingarolfa (lifolía) hefur verið blönduð í hráoliu og ekki hefur enn fundist það blöndunarhlutfall sem æskilegt er. Eins að brennarinn í stöðinni er orðinn gamall og erfitt að stilla brunann. Akureyrbær (eigandi stöðvarinnar) er að íhuga endurnýjun á brennaránum. Frávikið er enn opið þar sem síðasta útblástursmæling gefur CO yfir losunarmörk.

Í eftirlitum síðustu ára hefur verið minnt að Glerárdalur er fólkvangur og Glerárgil er svæði á náttúruminjaskrá. Vinnusvæði Malbikunarstöðvar Akureyrar nær inn á helgunarsvæði fólkvangsins og því hefur verið þrýst að að rekstraraðili hliðri sér til eins og hægt er og færí búnað sinn og malarhauga fjær gilbrúninni.

Frárennsli útisvæða malbikunarstöðvarinnar er tengt olíuskilju sem drenar út í myrarfláka neðan aðstöðunnar sem svo tengist vatnakerfi Glerá.

Tenging malbikunarstöðvarinnar og hesthúsahverfisins við holræsakerfi Akureyrbærjar myndi léttu álagi af friðuðum svæðum við Glerár. Í skýrslu Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra um flokkun vatna á Norðurlandi eystri; Eyjafjarðará, Glerá, Hörgá og Svarfaðardalsá frá 2004 sem unnin var af Háskólastreinu í Hveragerði kemur fram að álag af völdum köfnunarefnissambanda er allmikið í Glerá. Sigvatn frá aflögum urðunarstað í Glerárdal og hugsanlegar rangtengingar skipta hér líka miklu máli.

2. Farið var yfir kröfur í starfsleyfi og kom fram að Grænu bókhaldi fyrir 2019 hefur ekki enn verið skilað. Skiladagur er 1. maí og sá dagur bundinn í reglugerð. Hér er um frávik að ræða en rekstraraðili hyggst vinna umhverfisupplysingar og skila Grænu bókhaldi við fyrsta möguleika.

Krafa er um að þrjár áætlanir liggi fyrir, þ.e. áætlun um frágang vegna rekstrarstöðunar (tímbundin/varanleg), áætlun um rekstur hreinsibúnaðar í frárennsli og útblæstri, og viðbragðsáætlun. Allar þrjár liggja fyrir en æskilegt væri að í áætlun um hreinsivirkni í frárennsli væri sett inn markmið að tengja holræsakerfi bæjarins.

Farið var yfir skráningar, sbr. gr. 4.1-4.3 í starfsleyfi. Engin mengunarhöpp hafa orðið eða kvartanir vegna starfseminnar. Skráningar yfir magn og gerð efnis sem sent er til endurvinnslu eða endurnýtingar fer í gegnum skráningarkerfi hjá Umhverfismiðstöð Akureyrbærjar sem malbikunarstöðin heyrir undir. Bæta má skráningar á úrgangi.

Rætt var um tryggingar, sbr. gr. 2.8 í starfsleyfi, en rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða aðra

fullnægjandi tryggingu vegna mögulegrar bráðamengunar hafs og stranda.

3. Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits en skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun að ákváða tíðni eftirlitsferða út frá umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi. Þar fellur Malbikunarstöð Akureyrar í eftirlitsflokk B sem gerir eitt eftirlit á ári. Áhættumat er endurskoðað árlega meðfram eftirliti.

4. Í 5. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi er fjallað um eftirlitsskyldu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda varðandi eldsneytisgeyma og flutning olíu. Í samræmi við þær skyldur er sameiginlegt áhersluverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlitssvæðanna að skrá neyslu-, húsa-, bryggju- og lausageyma í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Eyðublaðið; 2020 Gagnasöfnun fyrir olíugeyma var afhent í éftirliti og óskað eftir að olíugeymar sem rekstraraðili notar í starfsemi sinni yrðu skráðir og útfylltu eyðublaði komið til Umhverfisstofnunar við fyrra hentugleika.

5. Í skoðunarferð um lóð malbikunarstöðvarinnar var bent á að aðstaða slökkviliðs til æfinga í reykköfun er á lóðinni. Efnishaugar Akureyrarbæjar vegna stígagerðar og allmikið magn gangstéttarhella eru nálagt gilbrún Glerárgils og eins búnaður óskyldra aðila s.s. „bílhrað“, gámar og því um líkt. Fram kom að fyrirhugað er að átak í tiltekt á lóðinni muni fara fram í sumar og tengist það áætlun bæjaryfirvalda um að færa starfsemina út fyrir helgunarsvæði fólkvangsins.

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

ákvæði í grein 4.5 um skil á grænu bókhaldi Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002. Skiladagur er 1. maí ár hvert sbr. 11. grein reglugerðarinnar.

#### ÁBENDINGAR

- Bent er á mikilvægi tengingar á frárennsli af lóð malbikunarstöðvarinnar við holræsakerfi Akureyrarbæjar. Myndi minnka álag næringarefna á vatnakerfi Glerár og stuðla að vernd fólkvangsins.
- Bent er á kröfu í starfsleyfi um skráningar á efni sem sent er til endurvinnslu og endurnýtingar og að kvittanir móttökuaðila liggi fyrir.
- Bent er á kröfu um skráningu á olíugeymum sem notaðir eru af rekstraraðila og að útfylltu eyðublaði þar um sé skilað til Umhverfisstofnunar.
- Bent er á að malbikunarstöðin er á viðkvæmu svæði á gilbarmi Glerár, alveg á mörkum fólkvangs og svæðis á náattúrumínjaskrá. Ljúka þarf tiltekt á lóðinni og hliðra starfseminni fjær gilbrúninni svo helgunarsvæði verndarsvæða séu virt.

#### ANNAÐ

Alfreð Schiðth frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra var viðstaddir eftirlitið.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í págu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 26.06.2020

  
Gottskálk Friðgeirsson